



## Bjarmafréttir!

Sumar 2019

**Leikjanámskeið** verður á mánudagskvöldum kl. 20:00 á Bjarmavelli fyrir börn 5 – 12 ára. Fyrsta skiptið 10. júní og síðasta 29. júlí.

**Fótbolti** er á sunnudagskvöldum kl. 20:30 á Bjarmavelli, fyrir 12 ára og eldri.

**Formannafundur nefnda og vinnukvöld** var á Bjarmavelli þriðjudagskvöldið 18. júní. Góð mæting og góðar umræður en þar sem veður var kalt og mikil rigning varð lítið um framkvæmdir. Reynum aftur síðar.

**Sumarsólstöðuganga Bjarma** var á Hálshnjúk föstudagskvöldið 21. júní. Mæting var góð, veðrið mjög gott og félagsskapurinn frábær.

**Landsmót UMFÍ 50+** verður á Neskaupstað dagana 28. – 30. júní. Þar er boðið upp á góða skemmtun og hreyfing fyrir alla fjölskylduna.

**Fjöгурraskógahlaup** Björgunarsveitarinnar Þingeyjar verður haldið 27. júlí. Mæting og mark eru á Bjarmavelli. Sjá nánar á [hlaup.is](http://hlaup.is)

**Unglingalandsmót UMFÍ** verður haldið 1. – 4. ágúst á Höfn í Hornafirði. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Sjá nánar á [umfi.is](http://umfi.is) og [hsth.is](http://hsth.is)

**Tjaldstæði á Bjarmavelli** er til útleigu fyrir hópa eða ættarmót. Upplýsingar gefur Birna í 848 3547 eða [birnada@simnet.is](mailto:birnada@simnet.is)

Getraunanúmer Umf. Bjarma er **636**

**Bjarmahátíð** verður sunnudaginn **11. ágúst** kl. 20:00, eigum saman skemmtilega kvöldstund, maður er manns gaman. Mæting kl. 20:30.

## Nefndarskipan Bjarma 2018-2020

Stjórn Bjarma:  
Birna Davíðsdóttir 8483547  
Jón Þ. Óskarsson 8986199  
Helen Jónsdóttir 8643228

Varastjórn Bjarma:  
Þórunn Jónsdóttir  
Kristján Jóhannesson  
Ketill Tryggvason

Vallarnefnd:  
J. Bjarki Jóhannesson, form.  
Steinar Karl  
Sigurður Freygarðsson  
Bjarni Hauksson.

Fótboltanefnd:  
Hermann Hauksson, form.  
Auðunn Logi Gunnarsson  
Silja Rúnarsdóttir  
Líney Rúnarsdóttir

Húsnefnd:  
Jón Þ. Óskarsson, form.  
Arney Björnsdóttir  
Þuríður Davíðsdóttir

Íþróttanefnd:  
Rúnar Ísleifsson, form.  
Marika Alevere  
Nanna Þórhallsdóttir

Ferðanefnd:  
Sigrún Jónsdóttir, form.  
Elín Eydal

Ballnefnd:  
Gunnhildur W. B. form.  
Birkir Týr Arnórsson  
Sigriður Árdal

Ferðaþjónustunefnd:  
Sigriður Karlsdóttir, form.  
Hulda Björg Kristjánsdóttir  
Hanna Jóna Stefánsdóttir

Spilanefnd:  
Hlíf Guðmundsdóttir  
Helen Jónsdóttir

Þeir sem ekki geta starfað í nefndum láta formenn nefnda eða stjórn vita. Formönnum nefnda er heimilt að kalla fleiri til starfa en þá sem skráðir eru í viðkomandi nefnd. Starfstími þessara nefna miðast við 1. júní 2018 til 1. júní 2020.

Stjórnin hvetur fólk til að hreinsa rusl meðfram vegum. Hreint land fagurt land.

Geymið auglýsinguna 😊



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á miðvikudögum og  
auglýsingum þarf því að skila á mánudögum  
**fyrir kl. 15:00.** 😊

Verð hálf síðu er           kr.3.600.-m.vsk  
Verð heilsíðu er       kr.4.900.- m.vsk  
*[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)—895-3386*



## Söfnun á brotajárni og bílhraejum í Þingeyjarsveit.

Í sumar verðu íbúum Þingeyjarsveitar boðið upp á söfnun á brotajárni, bílhraejum, þakjárnri o.fl. járnkyns. Kostnaður vegna förgunar bílhraeja er kr. 10.000 en annars er söfnunin íbúum að kostnaðarlausu.

Íbúar í Þingeyjarsveit eru hvattir til að nýta sér þetta tækifæri til að fegra umhverfið og bæta ásýnd sveitarfélagsins.

Þeir sem hafa áhuga á að losna við brotajárn eða vantar nánari upplýsingar hafi samband á netfangið [hermann@thingeyjarsveit.is](mailto:hermann@thingeyjarsveit.is)

Þingeyjarsveit



## Deildarstjóri óskast við leikskólann Yl í Mývatnssveit frá 1. ágúst. Húsnæði í boði.

Um er að ræða 100% stöðu til 1 árs vegna námsleyfis.  
Möguleiki er á áframhaldandi starfi að þeim tíma loknum.

Umsóknarfrestur er til 12. júlí. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leyfisbréf leikskólakennara eða menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum skilyrði
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Einnig vantar í afleysingastöðu strax. Menntun æskileg en ekki skylda.

Leikskólinn Ylur er með 32 börn. Stefna leikskólans er Lífsleikni sem byggir á dygðakennslu. Hafin er innleiðing á Heilsueflandi leikskóla, Jákvæðum aga og Karellen leikskólakerfinu svo eitthvað sé nefnt. Mikil uppbygging í gangi og skemmtileg verkefni framundan.

Í Mývatnssveit búa um 500 manns. Í metnaðarfullri mannauðsstefnu sveitarfélagsins kemur m.a. fram að boðið er upp á flutningsstyrk, heilsustyrk, launað frí fyrir barnshafandi konur síðasta mánuð meðgöngu, starfsaldurstengdar greiðslur o.fl. fyrir starfsfólk. Við erum fjölskylduvænt samfélag þar sem er öflugt leikskóla- og grunnskólastarf, boðið er upp á ókeypis skólamáltíðir fyrir börn og ókeypis frístund. Við erum heilsueflandi samfélag. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 8219404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á netfangið [ingibjorg@skutustadahreppur.is](mailto:ingibjorg@skutustadahreppur.is) eða leggja inn starfsumsókn á heimasíðu leikskólans: [ylur.leikskolinn.is](http://ylur.leikskolinn.is) undir flípanum *upplýsingar*.



## Þingeyjarskóli auglýsir eftir starfsmanni í blandað starf.

Meðal viðfangsefna er stuðningur við nemendur með náms- og hegðunarvanda, umsjón með félagsmálum nemenda, ritarastörf og fleira sem skólastjóri kann að fela viðkomandi hverju sinni.

Þingeyjarskóli leitar að starfsmanni sem:

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur reynslu af vinnu með börnum og unglingum
- Er lausnamiðaður
- Er sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði
- Hefur metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim
- Hefur gott vald á íslensku í ræðu og riti.

Þingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra. Þingeyjarskóli hefur hafið innleiðingu á agastefnunni Jákvæður agi. Rík tónlistarhefð er við skólann.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Staðan er laus frá og með 15. ágúst 2019

Umsóknarfrestur er til 5. júlí 2019

Umsóknir skulu sendast á netfangið [johannrunar@thingeyjarskoli.is](mailto:johannrunar@thingeyjarskoli.is)

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri  
í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum  
netfangið [johannrunar@thingeyjarskoli.is](mailto:johannrunar@thingeyjarskoli.is)

## Verzlunin Salvía

Stóragarði 7, Húsavík,

Selur nú afskorin blóm og skreytingar ásamt annari gjafavöru.

Opið virka daga kl. 13:09-18:00

Laugardaga kl. 11:00-14:00

Fylgdu okkur á facebook Salvía og instagram

salvia\_verzlun

Sími [8988328](tel:8988328)



26.tbl.

26. júní 2019

26 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## Laust starf - Forstöðumaður Íþróttamannvirkja

Þingeyjarsveit auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns við sundlaugina og íþróttahúsið á Laugum. Helstu verkefni eru umsjón með daglegum rekstri og starfsemi sundlaugar og íþróttahúss, starfsmannahald, þrif, skipulag vakta o.fl. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða frá og með 1. ágúst n.k. Íbúðarhúsnæði í boði fyrir starfsmann.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfnispróf sundstaða, sundpróf og skyndihjálp
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfsemi íþróttamannvirkja
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 862 0025

Umsóknarfrestur er til 15. júlí n.k. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu berist skriflega til sveitarstjóra, Kjarna, 650 Laugar, netfang [dagbjort@thingeyjarsveit.is](mailto:dagbjort@thingeyjarsveit.is)